



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

626. stjórnafundur mánudaginn 23. september 2024 kl 17:00

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Garðar Már Newman, Jónína Steinunn Helgadóttir, Garðar Örn Arnarson og Birgir Már Bragason framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Eva Björk Sveinsdóttir, Stefán Guðjónsson

Gestir á fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá svæðisskrifstofunni á suðurnesjum vegna skiptingar á lottó.

Tölvupóstur frá svæðisskrifstofu suðurnesja vegna málefni hælisleitenda.

3. Send bréf

Tölvupóstur á Reykjanesbæ, ósk um að kaupa fleiri teppaflísar á gólfið í A-sal. Ekki hægt að verða við því að svo stöddu.

Tölvupóstur sendur á formenn, gjaldkera og framkvæmdastjóra deilda vegna formannafundar. Fundur verður hlaðinn nk fimmtudag kl 19 á Brons

Tölvupóstur sendur á Reykjanesbæ og grunnskólana vegna framkvæmda í A-sal

4. Önnur mál

- A Gamla leikklukkan í A-sal var tekin niður sl fimmtudag og gekk mjög vel. Verktími var áætlaður 2 dagar en tók ekki nema ½ dag. Verið er að vinna við að fá net til að setja yfir nýju led klukkurnar en svört net eru ekki til á landinu. Einnig er verið að reyna að koma því í gegn að fá nýjan sjónvarpsvall fyrir myndavélar á leikjunum.
- B Nefnd RNB ásamt hagaðilahóp hefur hist tvisvar sinnum sl tvær vikur og er á fullu í vinna drög/óskir að skipulagi nýs íþróttasvæðis.
- C Taekwondo. Framkvæmdastjóri félagsins fór og kíkti á æfingu hjá Taekwondo deild Keflavíkur og hitti þar stjórn deildarinnar. Þar áttu hann og stjórn virkilega góðan fund. Hann fór einnig á foreldrafund deildarinnar sl mánudagkvöld. Taekwondo deildin er að vinna virkilega flott starf og er deildin ein sú besta á landinu.
- D Fundur með bæjarfulltrúa Reykjanesbæjar. Framkvæmdastjóri Keflavíkur átti virkilega góðan fund með bæjarfulltrúa Reykjanesbæjar þar sem rætt var um ýmis málefni og verkefni í kringum félagið

- E Frísk í Reykjanesbæ. Kynnigarsfundur var haldinn í síðustu viku og mættu rúmlega 50 manns 60 ára og eldri. Virkilega flott námskeið sem er að fara í gang undir merkjum Keflavíkur og njarðvíkur.
- F Bókhaldsmál. Flest allar deildir eru farnar að koma með bókhaldið til fjármálastjóra Keflavíkur.
- G Gjöf til Keflavíkur. Sævar Þorkell Jenson þekktur sem Keli kom á skrifstofuna og færði félaginu 19 úrklippubækur með sögu Knattspyrnudeildarinnar frá árinu 2004-2010. Aðalstjórn félagsins er virkilega þakklát fyrir þessa frábæru gjöf.
- H Jólblað Keflavíkur. Ákveðið að halda áfram með jólblaðið. Hafa blaðið rafrænt en prenta út nokkur eintök til dreyfingar.
- I Íþróttaveisla nk helgi. Næstu helgi 27-28 sept mun verða risa helgi hjá félaginu. Knattspyrnudeildin mun leika úrslitaleikinn við Aftureldingu á laugardaginn um sæti í Bestu deild 2025. Meistari meistarana verðu líka sama dag þar sem meistaraflokkar Keflavíkur í körfu leika við Val karlamegin og Þór Akureyri kvenna megin. Svo um kvöldið verður lokahóf knattspyrnunnar. Kvetjum alla til að mæta á þessa leiki
- J Jólhlaðborð. Framkvæmdastjóra falið að kanna með jólhlaðborð í byrjun des.
- K Formannafundur. Formanna- gjaldkera- og framkvæmdastjórafundur verður haldinn á Brons nk fimmtudag kl 19. Farið verður yfir mikilvægustu atriðin með fundar fólki.
- L Hópefli aðalstjórnar. Kanna með dag þar sem stjórnin ætlar að kynna sér starfsemi deildana.

Fundi lokið kl. 18:15

Framkvæmdastjóri boðar til næsta fundar að beiðni formanns.

Fundinn ritaði Birgir Már Bragason, framkvæmdastjóri